

Góðan dag.

Fjallað var um erindið í sveitarstjórn Dalabyggðar 17. janúar sl. og í byggðarráði Dalabyggðar 24. janúar sl. ásamt því að haft var samráð við kjörstjórn.

Það er afstaða Dalabyggðar að það sé til bóta að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd kosninga. Slíkt ætti að vera til einföldunar. Gæta þarf þess að fjalla um öll þau atriði sem eiga við um hinar mismunandi kosningar. Lögð er áhersla á að framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga verði lengdur. Setja þarf skýrar reglur um gögn kjörstjórnar þ.e. hvað skal vera prentað og hvað getur verið rafrænt. Tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016 eru góður grunnur og í heild eru þau atriði sem sett eru þar fram til bóta fyrir störf kjörstjórna og framkvæmd kosninga.

Beðist er velvirðingar á því að ekki náðist að senda umsögnina fyrir 22. janúar eins og óskað var eftir í bréfi dagsettu 19. desember 2018.

Virðingarfyllt,

Kristján Sturluson

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: +354 4304700

Netfang / email: sveitarstjori@dalir.is

www.dalir.is



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake